

**Nefndasvið Alþingis**  
**b.t. umhverfis- og samgöngunefndar**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

DJ 9.feb. 2016.

**Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar og Veitna Hafnarfjarðar um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna 404. mál og um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, 400. mál.**

Veitur Hafnarfjarðar og umhverfis- og framkvæmdaráð bæjarins eru fylgjandi því að ofangreind frumvörp verði bæði samþykkt og leggur áherslu á að það verði sem fyrst, í þeim tilgangi að vatns- og fráveitur fái traustar lagaheimildir til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Ofangreindur umsagnaraðili tekur undir athugasemdir og ábendingar Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja og styður breytingartillögur samtakanna við hvort frumvarp en um er að ræða mikilvæg ákvæði um lágmarksgjöld fyrir þessa lögbundnu þjónustu samfélagsins við íbúa og fasteignaeigendur í landinu. Frumvörpin eru flutt samhliða og hafa verið unnin í starfshópi innanrikis- og umhverfis- og auðlindaráðuneytanna með aðkomu vatnsveitna og fráveitna í landinu og eru í eðli sínu algerlega sambærileg.

Eins og fram kemur í öðrum athugasemdum við frumvörpin og fylgja þeim; er tilefni þeirra tveir dómur hæstaréttar nr. 396/2013 og 397/2013 en megin niðurstaða þeirra dóma var sú að gjaldtökuheimildir eins og þeim hafði verið beitt í lögum nr. 32/2004 og nr. 9/2009 væru ekki í samræmi við almennar viðskiptavenjur og rökum og málsástæðum veitna var alfarið hafnað af dómnum.

Sú þjónusta sem vatnsveitur og fráveitur inna af hendi og tryggir öllum aðgang að hreinu neysluvatni annarsvegar og meðhöndlun og hreinsun frárennslis hinsvegar, á þann hátt sem ma. er krafist í lögum er forsenda almenns heilbrigðis og öryggis íbúa og atvinnulífs. Sérlega er í þessu sambandi bent á þá skyldu vatnsveitna að tryggja nægilegt vatn og vatnsþrýsting í vatnsveitum til að uppfylla þarfir slökkviliða en til þess að standa undir þeirri kröfu liggur mikil fjárfesting sem að einfaldlega verður ekki fjármögnuð öðruvísi en með sérstöku gjaldi á notendur. Það er óhugsandi að eigendur einstakra fasteigna ráði því sjálfir hvenær og hvort þeir kjósa að greiða fyrir það öryggi og þá þjónustu sem að búið er að leggja í og byggja upp, jafnvel á löngum tíma.

Frá gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 fram að uppkvaðningu áðurgreindra hæstaréttardóma 2013 var ekki, svo kunnugt sé, ágreiningur um lögmæti álagningar gjalda af þessum toga. Þannig byggðist upp úr engu í 90 ár lífsnauðsynleg grunnþjónusta. Þróun og viðhald þeirrar þjónustu verður að fá að halda áfram og alþingi verður að tryggja tekjustofna til að mæta þeim þörfum, þörfum sem alþingi sjálft hefur sett lög um að skuli veita.